

Almenni lífeyrissjóðurinn

**Tryggingafræðileg athugun á stöðu sjóðsins í
árslok 2023**



TALNAKÖNNUN

Mars 2024

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Niðurstaða úttektar	4
Framtíðarstaða og iðgjöld ársins	6
Forsendur úttektar	8
Niðurstaða miðað við staðlaðar forsendur	9
Niðurstaða án áhrifa aldursháðrar aðlögunar áunninna réttinda	10
Eignir, rekstur og endurmat.....	11
Tryggingagjaldið	11
Niðurlag.....	12
Söguleg þróun á stöðu sjóðsins	13
Viðauki TAFLA 1.....	15
Viðauki TAFLA 2.....	16

Inngangur

Talnakönnun hf. hefur samkvæmt beiðni stjórnar Almenna lífeyrissjóðsins athugað tryggingafræðilega stöðu samtryggingardeildar sjóðsins miðað við árslok 2023. Athuginin fólst í að reikna annars vegar áfallna skuldbindingu miðað við áunnin réttindi sjóðfélaga og hins vegar heildarskuldbindingu miðað við að sjóðfélagar héldu áfram að greiða í sjóðinn þar til þeir færu á lífeyri. Benedikt Jóhannesson tryggingastærðfræðingur sjóðsins hafði umsjón með athugininni, sem var unnin samkvæmt samþykktum sjóðsins og í samræmi við 24. grein laga nr. 129/1997 og ákvæði IV. kafla reglugerðar nr. 391/1998 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Benedikt er með viðurkenningu Fjármálaeftirlitsins samkvæmt 39. gr. laga nr. 56/2010 um váttryggingastarfsemi en í viðurkenningunni felst meðal annars heimild til að gera tryggingafræðilega athugun á fjárhag hérlendra lífeyrissjóða í samræmi við 24. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997. Arnór Ingi Finnbjörnsson, stærðfræðingur hjá Talnakönnun, sá um stærstan hluta útreikninga.

Gögn um sjóðfélaga og lífeyrisþega voru fengin úr Krúkerfi FUGLA ehf. og voru þar upplýsingar um kyn og fæðingardag hvers sjóðfélaga, fæðingardag maka, samtals áunnin réttindi sjóðfélagans og nýjustu upplýsingar um iðgjaldagreiðslur. Hjá lífeyrisþegum voru upplýsingar um tegund lífeyris og lífeyrisréttindin í desember 2023. Gögnin voru send í gegnum Signet transfer.

Sjóðfélögum er skipt í þrjá hópa:

1. Sjóðfélagar sem greiddu iðgjöld til sjóðsins á árinu 2023.
2. Sjóðfélagar með geymd réttindi, það er greiddu hvorki iðgjöld né þáðu lífeyri á árinu 2023.
3. Lífeyrisþegar í desember 2023.

Áreiðanleiki gagnanna var ekki kannaður nema með samanburði við tryggingafræðileg gögn fyrri ára og tölur úr ársreikningi og var ágætis samræmi þar á milli.

Niðurstaða úttektar

Tryggingafræðilega staða sjóðsins skiptist annars vegar í áfallna stöðu og hins vegar framtíðarstöðu. Áfallin staða er mismunur á eignum sjóðsins í árslok og áföllnum lífeyrisskuldbindingum vegna sjóðfélaga. Á sama hátt er framtíðarstaðan mismunur á núvirði framtíðariðgjalda núverandi sjóðfélaga og núvirði framtíðarskuldbindinga vegna sjóðfélaga miðað við núgildandi tryggingafræðilegar forsendur.

Taflan hér að neðan sýnir niðurstöður athugunarinnar. Til samanburðar eru sýndar niðurstöður tryggingafræðilegrar athugunar í árslok 2022. Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna á verðlagi í lok hvors árs. Niðurstaða úttektarinnar er að heildarstaða sjóðsins er neikvæð um 16.215 m.kr. eða um 4,5% af heildarskuldbindingum. Það er hlutfallslega ívið sterkari staða en í árslok 2022 þegar heildarstaða sjóðsins var neikvæð um 14.789 m.kr. eða -4,7%.

Heildarstaða í þús. kr.	2023	2022
Endurmetin eign	196.124.989	171.073.681
Framtíðariðgjöld	150.822.848	131.565.053
Heildareign	346.947.838	302.638.734
Lífeyrisskuldbindingar	352.441.432	307.024.605
Rekstrarkostnaður	10.720.845	10.403.032
Skuldbindingar alls	363.162.277	317.427.637
Eignir umfram skuldir	-16.214.440	-14.788.903
Staða	-4,5%	-4,7%

Áfallin staða	2023	2022	Framtíðarstaða	2023	2022
Höfuðstóll	195.045.422	171.642.155	Núvirði framtíðariðgj.	150.822.848	131.565.053
Endurmat skuldabréfa	1.079.567	-568.474			
Hrein áfallin eign	196.124.989	171.073.681	Eign í framtíðarstöðu	150.822.848	131.565.053
Skuldbindingar vegna:			Skuldbindingar vegna:		
Ellilífeyris	188.962.295	164.494.350	Ellilífeyris	133.623.230	116.353.289
Örorkulífeyris	7.737.475	6.472.543	Örorkulífeyris	6.836.336	5.835.375
Makalífeyris	11.186.701	10.277.772	Makalífeyris	2.388.458	2.105.224
Barnalífeyris	275.310	239.566	Barnalífeyris	1.431.627	1.246.487
Núv. rekstrarkostnaðar	4.434.390	4.304.676	Núv. rekstrarkostnaðar	6.286.455	6.098.356
Áfallnar skb. alls	212.596.171	185.788.906	Framtíðarskb. Alls	150.566.106	131.638.731
Eignir umfram skuldir	-16.471.182	-14.715.225	Eignir umfram skuldir	256.742	-73.678
Staða	-7,7%	-7,9%	Staða	0,2%	-0,1%

Heildarstaða sjóðsins er neikvæð um 4,5% og því innan þeirra marka sem lög kveða á um. Þar segir þó að heildarstaðan eigi að jafnaði að vera innan 5% vikmarka en aldrei utan 10% marka. Verði heildarstaða sjóðsins undir -5,0% vikmörkum samfelld í fimm ár er sjóðnum skylt að lækka réttindi skv. 39.grein laga 197/1997. Rétt er að benda á að annað árið í röð er áfallin staða sjóðsins undir -5,0% vikmörkum.

Iðgjald í VIRK endurhæfingarsjóð er 0,10% af stofni til iðgjalds og lækkar því væntar iðgjaldtekjur sjóðsins sem því nemur en að sama skapi eru væntingar um að örorkuskuldbindingar sjóðsins lækki. En það á eftir að koma í ljós hversu mikið örorkubyrðin lækkar (sem þýðir lægri örorkulíkur) og mun reynsla næstu ára skera úr um það. Á meðan verður ekki tekið tillit til áhrifa þessara útgjalda í tryggingafræðilegri athugun, það er hvorki í útreikningi á núvirði væntra iðgjalda eða örorkuskuldbindinga.

Heildarlífeyrisskuldbindingar Almenna Isj. í árslok 2023 eru 363.162 m.kr. og hækkuðu um 45.735 m.kr. á árinu. Helstu breytingar á árinu eru sýndar hér að neðan.

Áfallnar lífeyrisskuldbindingar hækka um 26,8 ma.kr. eða úr 185,8 ma.kr. í 212,6 ma.kr. Þar munar að mestu um áhrif verðbólgu og vaxta sem hafa 22,0 ma.kr. áhrif til hækkunar á áföllnum skuldbindingum sjóðsins á árinu 2023.

Yfirlit um breytingu á tryggingafræðilegri stöðu samtryggingardeildar		
Eignir	<u>2023</u>	<u>2022</u>
Endurmetin eign til tryggingafræðilegs uppgjors í árslok	346.947.838	302.638.734
Endurmetin eign til tryggingafræðilegs uppgjors í ársbyrjun	<u>302.638.734</u>	<u>239.134.249</u>
Hækkun/lækkun endurmetinnar eignar á árinu	<u>44.309.104</u>	<u>63.504.485</u>
Skuldbindingar		
Skuldbindingar í árslok	363.162.277	317.427.637
Skuldbindingar í ársbyrjun	<u>317.427.637</u>	<u>240.674.814</u>
Hækkun/lækkun skuldbindinga á árinu	<u>45.734.640</u>	<u>76.752.824</u>
Breyting á tryggingafræðilegri stöðu á árinu	-1.425.537	-13.248.339


Yfirlit um breytingar á áföllnum lífeyrisskuldbindingum samtryggingardeildar		
	<u>2023</u>	<u>2022</u>
Áfallnar lífeyrisskuldbindingar í ársbyrjun	185.788.906	168.242.139
Hækkun lífeyrisskuldbindinga vegna vaxta og verðbóta	22.039.883	22.296.918
Hækkun áunnina réttinda vegna iðgjalda ársins	9.966.389	8.388.228
Lækkun vegna greidds lífeyris á árinu	-4.605.922	-3.654.869
Hækkun/lækkun áunninna réttinda á árinu	0	-8.366.436
Hækkun vegna breyttra forsendna um lífs- og örorkulíkur	0	0
Raunvirðisbreyting á núvirtum rekstrarkostnaði í áfallinni stöðu	-214.874	-51.251
Hækkun/lækkun vegna annarra breytinga	<u>-378.210</u>	<u>-1.065.822</u>
Áfallnar lífeyrisskuldbindingar í árslok	<u>212.596.171</u>	<u>185.788.906</u>

Framtíðarstaða og iðgjöld ársins

Núverandi réttindatafla, sem byggir á lífslíkum með spá um lækkandi dánartíðni, tók gildi þann 1. apríl 2022. Réttindataflan lækkaði framtíðarskuldbindingar sjóðsins um 14,2% en framtíðarstaða sjóðsins var neikvæð um 13,9% í árslok 2021. Taflan hér að neðan sýnir breytingu framtíðarskuldbindinga frá tryggingafræðilegri athugun í árslok 2022.

Framtíðarstaða	2023	2022	Breyting		
Núvirði iðgjalda	150.822.848	131.565.053	19.257.795	14,6%	
Elliskuldbinding	133.623.230	116.353.289	17.269.941	12,9%	
Örorkuskuldbinding	6.836.336	5.835.375	1.000.962	14,6%	
Makaskuldbinding	2.388.458	2.105.224	283.234	11,9%	
Barnaskuldbinding	1.431.627	1.246.487	185.139	12,9%	
Rekstrarkostnaður	6.286.455	6.098.356	188.099	3,0%	
Núvirði skuldbindinga	150.566.106	131.638.731	18.927.375	12,6%	
Staða	256.742	0,2%	-73.678	-0,1%	330.420

Vænta má að framtíðarstaðan muni veikjast lítillega á næstu árum haldi hlutfall kvenkyns sjóðfélaga áfram að hækka en lífslíkur kvenna eru umtalsvert hærri en lífslíkur karla. Á árinu 2023 vógu iðgjöld kvenna 36,9% (35,8% á árinu 2022) af iðgjöldum en þetta hlutfall hefur hækkað um u.þ.b. eitt prósentustig á ári undanfarin ár eins og grafið hér að neðan sýnir.




Iðgjöld ársins sem koma til grundvallar framreiknings í árslok hækka úr 8.340 m.kr í árslok 2022 í 9.194 m.kr í árslok 2023, sem er 13,3% hækkun en framreikningsiðgjöldin hækkuðu um 19,1% á árinu 2022.

Eftirfarandi mynd sýnir iðgjöld sjóðfélaga eftir aldri árin 2023 og 2022.

Iðgjöld ársins 2023 eftir heiltölualdri sjóðfélaga 31.12.2023

Iðgjöld ársins 2022 sýnd til samanburðar



Forsendur úttektar

Ellilífeyrir:

1. Reiknað er með að starfandi sjóðfélagar hefji töku ellilífeyris frá og með 70 ára afmælisdegi eða næsta afmælisdegi sjóðfélaga, ef hann er eldri en 70 ára í árslok 2023.
2. Áunninn réttur til ellilífeyris frá og með 70 ára aldri er áunninn lífeyrisréttur í árslok 2023 samkvæmt réttindabókhaldi sjóðsins.
3. Réttur ellilífeyrisþega á mánuði er lífeyrisgreiðsla í desember á janúarverðlagi.
4. Sjóðfélagar vinna sér inn réttindi til ellilífeyris í samræmi við iðgjöld og töflu 1 í samþykktum sjóðsins.

Örorkulífeyrir:

1. Allir sem eiga ellilífeyrisréttindi hjá sjóðnum eiga rétt á örorkulífeyri, ef örorka þeirra er metin 50% eða meira og þeir verða fyrir tekjumissi.
2. Fyrir fulla (100%) örorku er áunninn örorkulífeyrir hinn sami og áunninn ellilífeyrir og hlutfallslega minni fyrir minni örorku. Virkir sjóðfélagar eiga rétt á viðbót með framreikningi samkvæmt reglum í 19. grein samþykpta sjóðsins.
3. Réttur örorkulífeyrisþega á mánuði er örorkulífeyrisgreiðsla desembermánaðar á janúarverðlagi.
4. Örorkulífeyrir greiðist til ellilífeyrisaldurs samkvæmt ofanskráðum reglum. Frá þeim tíma hækkar lífeyririnn (og kallast ellilífeyrir), ef örorkumatið var minna en 100%, og verður eins og örorkan hefði verið 100%.

Makalífeyrir:

1. Makar allra þeirra sem eiga ellilífeyrisréttindi hjá sjóðnum eiga rétt á makalífeyri við fráfall sjóðfélaga
2. Áunninn makalífeyrir er 50% áunnins ellilífeyris. Makar virkra sjóðfélaga og örorku- og ellilífeyrisþega fá viðbót með sams konar framreikningi og gildir um örorkulífeyri.
3. Makalífeyrir skal greiddur óskertur í tvö ár frá andláti sjóðfélaga hið minnsta og síðan að hálfu í eitt ár til viðbótar en þó alltaf óskertur meðan yngsta barn sjóðfélaga er 20 ára eða yngra og á framfæri sjóðfélaga. Ef eftirlifandi maki er 50% eða meira öryrki við andlát greiðist makalífeyrir til 67 ára aldurs, ef örorkan helst.
4. Réttur makalífeyrisþega er greiðslan í desember á janúarverðlagi.

Barnalífeyrir:

1. Við andlát eða starfsorkumissi sjóðfélaga fá börn þeirra rétt á lífeyri fram að 20 ára aldri.
2. Mánaðarlegur barnalífeyrir er 46.624 krónur á mánuði eða hlutfallslega miðað við örorkuprósentu.
3. Réttur núverandi barnalífeyrisþega er greiðslan í desember á janúarverðlagi.

Almennar forsendur:

1. Ávöxtun 3,5% umfram vísitölu neysliverðs til verðtryggingar en það eru staðlaðar forsendur.
2. Sérhæfðar lífslíkur miðað við reynslu sjóðfélaga á tímabilinu 2018 til 2022. Þetta er breyting frá stöðluðum lífslíkum skv. reglugerð 391/1998 en þar er miðað við reynslu þjóðarinnar 2014 – 2018 skv. tilkynningu frá fjármála- og efnahagsráðherra. Gert er ráð fyrir lækkanði dánartíðni til framtíðar skv. spálíkani Félags íslenskra tryggingastærðfæðinga (FÍT), sem staðfest var af fjármála- og efnahagsráðherra í desember 2021.
3. Sérhæfðar örorkulíkur miðað við reynslu sjóðsins árin 2010 til 2014. Þetta er breyting frá stöðluðum örorkulíkum en þar er miðað við reynslu lífeyrissjóða á tímabilinu 2011 – 2016 skv. reglugerðinni og tilkynningu ráðherra.
4. Íslenskar barneigna- og hjúskaparlíkur skv. stöðluðum forsendum.

Niðurstaða miðað við staðlaðar forsendur

Taflan sýnir niðurstöður athugunarinnar með samanburði við staðlaðar forsendur. Tryggingafræðilegar forsendur eru frábrugðnar íslenskum staðalforsendum að því leyti að notaðar eru sérhæfðar dánar- og örorkulíkur. Örorkulíkurnar byggja á reynslu árunna 2010 – 2014 hjá sjóðnum og byggja lífslíkurnar á reynslu árin 2018 – 2022 með spá FÍT um lækkandi dánartíðni til framtíðar. Sé tryggingafræðileg staða sjóðsins reiknuð út frá stöðluðum tryggingafræðilegum forsendum versnar hún úr því að vera neikvæð um 4,5% í að vera neikvæð um 10,9%.

Við staðlaðan útreikning lækka skuldbindingar vegna ellilífeyris um 18.946 m.kr., örorkuskuldbindingar hækka um 33.341 m.kr. og verðmæti framtíðariðgjalda lækka um 7.484 m.kr.

Niðurstaða í árslok 2023	Forsendur úttektar	Staðlaðar forsendur		Forsendur úttektar	Staðlaðar forsendur
ÁFALLIN STAÐA			HEILDARSTAÐA		
Höfuðstóll	195.045.422	195.045.422	Framtíðariðgjöld	150.822.848	143.338.571
Endurmat skuldabréfa	1.079.567	1.079.567	Eign	196.124.989	196.124.989
Eign	196.124.989	196.124.989	Heildareign	346.947.838	339.463.561
Elliskuldbinding	188.962.295	177.510.323	Elliskuldbinding	322.585.525	303.639.943
Örorkuskuldbinding	7.737.475	19.758.628	Örorkuskuldbinding	14.573.812	47.914.334
Makaskuldbinding	11.186.701	11.708.364	Makaskuldbinding	13.575.159	14.495.658
Barnaskuldbinding	275.310	275.246	Barnaskuldbinding	1.706.937	4.359.418
Rekstrarkostnaður	4.434.390	4.366.664	Rekstrarkostnaður	10.720.845	10.720.845
Skuldbindingar alls	212.596.171	213.619.225	Skuldbindingar alls	363.162.277	381.130.198
Eignir umfram skuldb.	-16.471.182	-17.494.235	Eignir umfram skuldb.	-16.214.440	-41.666.637
Staða	-7,7%	-8,2%	Staða	-4,5%	-10,9%

Niðurstaða án áhrifa aldursháðrar aðlögunar áunninna réttinda

Sem viðbrögð við nýjum dánar- og eftirlifendatöflum með spá um lækkandi dánartíðni til framtíðar, sem sjóðnum bar í fyrsta sinn skv. reglugerð 391/1998 að nota við mat á sínum lífeyrisskuldbindingum, voru áunnin réttindi allra sjóðfélaga endurreiknuð í árslok 2021. Með þessum endurútreikningi áunninna réttinda var komið í veg fyrir verulega aukningu áfallinna skuldbindinga vegna væntinga um lengri greiðslutíma lífeyris sem og millifærslu fjármuna á milli á kynslóða sem hefði annars orðið við upptöku nýrra dánar- og eftirlifendataflna við mat á tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins. Endurútreikningi áunninna réttinda er í lýst í bráðabirgðaákvæði við breytingu á samþykktum frá 31. mars 2022 sem finna má í samþykktum sjóðsins.

Þann 30. nóvember 2023 féll dómur í Héraðsdómi Reykjavíkur í máli E-1722/2023 gegn Lífeyrissjóði verzlunarmanna (LV) þar sem aldursháð aðlögun áunninna réttinda sjóðfélaga LV vegna nýrra lífslíka með spá um lækkandi dánartíðni, sem sjóðnum bar í fyrsta sinn að nota við mat á sínum skuldbindingum í árslok 2021, var dæmt ógild. LV hefur áfrýjað niðurstöðu dómsins til Hæstaréttar. Ekki er víst að endanleg niðurstaða í máli LV muni hafa áhrif á breytingarákvæði samþykta Almenna Isj. frá marsmánuði 2022 þar sem aðlögun Almenna Isj. er nokkuð frábrugðin aðferð LV.

Tryggingafræðileg staða sjóðsins er reiknuð m.v. gildandi samþykktir sjóðsins í árslok 2023. Til upplýsingar sýna töflurnar hér að neðan tryggingafræðilega stöðu í árslok 2023 án áhrifa bráðabirgðaákvæðis í samþykktum frá marsmánuði 2022.

Áfallin staða í árslok 2023	Tryggingafræðileg athugun 31.12.2023	Án réttindabreytingar
Höfuðstóll	195.045.422	195.045.422
Viðbót vegna endurmats	1.079.567	1.079.567
Hrein áfallin eign	196.124.989	196.124.989
Áfallnar lífeyrisskuldbindingar	208.161.781	225.749.522
Núvirði rekstrarkostnaðar	4.434.390	4.646.667
Heildarskuldbindingar	212.596.171	230.396.188
Eignir umfram skuldbindingar	-16.471.182	-34.271.199
Hlutfall af skuldbindingum	-7,7%	-14,9%

Heildarstaða í árslok 2023	Tryggingafræðileg athugun 31.12.2023	Án réttindabreytingar
Hrein áfallin eign	196.124.989	196.124.989
Framtíðariðgjöld	150.822.848	150.822.848
Heildareign	346.947.838	346.947.838
Lífeyrisskuldbindingar	352.441.432	370.029.173
Núvirði rekstrarkostnaðar	10.720.845	10.720.845
Heildarskuldbindingar	363.162.277	380.750.018
Eignir umfram skuldbindingar	-16.214.440	-33.802.181
Hlutfall	-4,5%	-8,9%

Eignir, rekstur og endurmat

Einstök verðbréf voru ekki núvirt af Talnakönnun heldur var stuðst við útreikninga sem sjóðurinn útvegaði. Talnakönnun sendi framkvæmdastjóra sjóðsins orðsendingu í tölvupósti um að reglur um endurmat væru óbreyttar frá fyrra ári (sjá skýrslu í fyrra).

Eignir og rekstur miða við ársreikning sem barst frá fjárfestingastjóra í tölvupósti 19. febrúar 2024.

Skuldabréf í eigu sjóðsins voru endurmetin með því að núvirða þau til að sömu forsendur um vexti giltu um eignir og skuldbindingar og gaf það 1.079,6 m.kr. eða +0,6% af bókfærðri eign.

Meðaltal rekstrarkostnaðar sl. þriggja ára er 457,1 m.kr. og núvirði hans 10.721 m.kr. sem bætast við heildarskuldbindingu. Af þeirri upphæð leggjast 4.434 m.kr. á áfallna skuldbindingu sjóðsins.

Endurmatsverð eigna var borið saman við bókfært verð eigna og gengið úr skugga um að bókfærða verðið stemmdi við ársreikning. Eins voru valin nokkur verðbréf og endurmatsverð þeirra reiknuð af Talnakönnun. Niðurstöður þeirra útreikninga stemmdu við endurmatsverðmætið frá sjóðnum.

Tryggingagjaldið

Alþingi samþykkti í desember 2006 lög um að hluti af tryggingagjaldi muni renna til lífeyrissjóða til að jafna örorkubrýði sjóðanna. Framlag hvers árs skal nema 0,325% af heildarlaunum allra landsmanna skv. reglugerð fjármálaráðherra. Þessu framlagi er skipt á milli allra lífeyrissjóða hlutfallslega að hálfu miðað við greiddan örorkulífeyri og að hálfu miðað við mismun reiknaðrar framtíðarörorkuskuldbindingar og 10% af samtals reiknuðum framtíðarskuldbindingum skv. niðurstöðum tryggingafræðilegra athugana.

Fjármálaráðaherra breytti þann 8. júlí 2010 reglugerð 391/1998 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða þannig að lífeyrissjóðum er nú heimilt að setja ákvæði í samþykktir sínar um ráðstöfun þessa framlags. Ekkert slíkt ákvæði er í samþykktum Lífeyrissjóðs verzlunarmanna.

Niðurlag

Þessi tryggingafræðilega athugun byggir á þeim gögnum og forsendum, sem gert hefur verið grein fyrir í skýrslu þessari, ásamt hefðbundnum tryggingafræðilegum útreikningum. Niðurstaðan virðist í góðu samræmi við niðurstöðu fyrri ára þegar tillit hefur verið tekið til nýrra gagna auk ávöxtunar sjóðsins og verðbólgu á árinu 2023.

Tryggingafræðileg staða sjóðsins er neikvæð um 4,5% og sjóðsins annað árið í röð rétt fyrir innan 5% vikmarka 39. greinar laga 129/1997. Frá tryggingafræðilegri athugun í árslok 2022 hafa raunvextir á markaði hækkað umtalsvert sem kemur einungis fram í tryggingafræðilegu endurmati sem hækkar úr -568,5 m.kr í +1.080 m.kr. á árinu 2023. Lágu raunvaxtastigi, sem einkennt hefur eignamarkaði undanfarin ár, fylgja miklar áskoranir fyrir lífeyrissjóðir sem byggja á sjóðasöfnun en allar skuldbindingar sjóðsins í tryggingafræðilegri athugun eru núvirtar með 3,5% raunvaxtaviðmiði. Heilbrigðara fjárfestingarumhverfi með hærra raunvaxtastigi gerir sjóðinn líklegri til að ná hærri ávöxtun, m.t.t. áhættu, til framtíðar og gæti þ.a.l. haft jákvæð áhrif á tryggingafræðilega stöðu á næstum árum.

Til að koma áfallinni stöðu, sem var -7,9% árslok 2020 og er nú -7,7%, inn fyrir -5% vikmörk þyrftu eignir sjóðsins í dag að hækka um 3,0% eða áunnin réttindi sjóðfélaga að lækka um 3,0%.

Gert í Reykjavík 27. febrúar 2024

TALNAKÖNNUN HF.




Benedikt Jóhannesson
Tryggingastærðfræðingur sjóðsins




Arnór Ingi Finnbjörnsson
Stærðfræðingur hjá Talnakönnun hf.

Söguleg þróun á stöðu sjóðsins




Framtíðarstaða sjóðsins í árslok 2010 - 2023

Fjárhæðir í milljónum króna á breytilegu verðlagi



Áfallin og framtíðarstaða sjóðsins 2010 - 2023

Fjárhæðir í milljónum króna á breytilegu verðlagi



Þrjár breytingar hafa átt sér stað á áunnum lífeyrisréttindum hjá sjóðnum frá árinu 2010. Í úttektinni í árslok 2010 voru öll áunnin réttindi lækkuð um 5,0% og í árslok 2012 voru öll áunnin réttindi síðan lækkuð um 3,0%. Í grafinu hér fyrir ofan má bæði sjá sögulega áfallna stöðu og áfallna stöðu eins og hún hefði verið fyrir breytingar á áfallinni- og framtíðarstöðu sjóðsins. Í árslok 2022 var áunnum réttindum sjóðfélaga í árslok 2021 breytt háð aldri sem hafði 4,4% áhrif til lækkunar á áföllnum skuldbindingar sjóðsins. Í grafinu hér fyrir ofan má bæði sjá sögulega áfallna stöðu og áfallna stöðu eins og hún hefði verið fyrir hverja breytingu á áunnum réttindum fyrir sig.

Tvær breytingar hafa orðið á réttindatöflu sjóðsins á þessu tímabili en nýjar réttindatöflur tók gildi 1. janúar 2011 og 1. apríl 2022. Á árinu 2018 var réttindatöflu sjóðsins breytt sem leiddi til styrkingar á framtíðarstöðu sjóðsins um 3,8 prósentustig. Í apríl 2022 var réttindaávinnsla sjóðfélaga lækkuð í kjölfar innleiðingar spár um lækkandi dánartíðni við mat á skuldbindingum sjóðsins. Nánari upplýsingar um breytingar á réttindum sjóðfélaga má finna í samþykktum sjóðsins.

Viðauki TAFLA 1
Heildarskuldbinding (í mkr) KARLAR

Staða	Fjöldi	Meðalr/mán	Aldur	ELLI	ÖRORKU	MAKA	BARNA	SAMTALS
Virkir sjóðfélagar	8.497	270,9	40	157.977	3.984	5.131	853	167.946
Óvirkir	12.211	17,7	42	17.982	331	796	0	19.108
Ellilífeyrisþegar	1.609	182,3	74	37.262	0	3.423	0	40.685
Örorkulífeyrisþegar	220	66,9	54	1.520	1.725	40	0	3.284
Makalífeyrisþegar	24	108,0	59	0	0	310	0	310
Barnalífeyrisþegar	80	23,9	13	0	0	0	121	121
SAMTALS	22.641	125,0	43,9	214.741	6.039	9.699	974	231.454

(þúskr.)

Heildarskuldbinding (í mkr) KONUR

Staða	Fjöldi	Meðalr/mán	Aldur	ELLI	ÖRORKU	MAKA	BARNA	SAMTALS
Virkir sjóðfélagar	6.330	220,3	39	89.181	5.629	895	579	96.283
Óvirkir	10.889	12,1	42	10.376	485	133	0	10.994
Ellilífeyrisþegar	472	94,3	73	6.699	0	108	0	6.807
Örorkulífeyrisþegar	294	54,6	51	1.588	2.420	12	0	4.020
Makalífeyrisþegar	154	170,0	73	0	0	2.729	0	2.729
Barnalífeyrisþegar	60	30,7	12	0	0	0	154	154
SAMTALS	18.199	88,8	41,7	107.845	8.534	3.876	733	120.988

(þúskr.)

Heildarskuldbinding (í mkr) SAMTALS

Staða	Fjöldi	Meðalr/mán	Aldur	ELLI	ÖRORKU	MAKA	BARNA	SAMTALS
Virkir sjóðfélagar	14.827	249,3	40	247.158	9.614	6.026	1.432	264.229
Óvirkir	23.100	15,1	42	28.358	816	928	0	30.102
Ellilífeyrisþegar	2.081	162,4	74	43.961	0	3.531	0	47.492
Örorkulífeyrisþegar	514	59,9	52	3.108	4.144	52	0	7.304
Makalífeyrisþegar	178	161,6	71	0	0	3.038	0	3.038
Barnalífeyrisþegar	140	26,8	13	0	0	0	275	275
SAMTALS	40.840	108,9	42,9	322.586	14.574	13.575	1.707	352.441

(þúskr.)

Núvirði rekstrarkostnaðar

SAMTALS 363.162

Bókfærð eign 195.045

Endurmat vegna skbr.

Núverandi eign 196.125

Ókomin iðgjöld KARLAR 91.335

Ókomin iðgjöld KONUR 59.488

 Samtals **150.823**
Heildareign 346.948
STADA -4,5% -16.214

Viðauki TAFLA 2

Áfallin skuldbinding (í mkr) KARLAR

Staða	Fjöldi	Meðalr/mán	Aldur	ELLI	ÖRORKU	MAKA	BARNA	SAMTALS
Virkir sjóðfélagar	8.497	106,5	40	79.272	1.295	3.216	0	83.783
Óvirkir	12.211	17,7	42	17.982	331	796	0	19.108
Ellilífeyrisþegar	1.609	182,3	74	37.262	0	3.423	0	40.685
Örorkulífeyrisþegar	220	66,9	54	1.520	1.725	40	0	3.284
Makalífeyrisþegar	24	108,0	59	0	0	310	0	310
Barnalífeyrisþegar	80	23,9	13	0	0	0	121	121
SAMTALS	22.641	63,3	43,9	136.036	3.350	7.784	121	147.291

(þúskr.)

Áfallin skuldbinding (í mkr) KONUR

Staða	Fjöldi	Meðalr/mán	Aldur	ELLI	ÖRORKU	MAKA	BARNA	SAMTALS
Virkir sjóðfélagar	6.330	66,1	39	34.263	1.482	421	0	36.166
Óvirkir	10.889	12,1	42	10.376	485	133	0	10.994
Ellilífeyrisþegar	472	94,3	73	6.699	0	108	0	6.807
Örorkulífeyrisþegar	294	54,6	51	1.588	2.420	12	0	4.020
Makalífeyrisþegar	154	170,0	73	0	0	2.729	0	2.729
Barnalífeyrisþegar	60	30,7	12	0	0	0	154	154
SAMTALS	18.199	35,1	41,7	52.927	4.387	3.403	154	60.871

(þúskr.)

Áfallin skuldbinding (í mkr) SAMTALS

Staða	Fjöldi	Meðalr/mán	Aldur	ELLI	ÖRORKU	MAKA	BARNA	SAMTALS
Virkir sjóðfélagar	14.827	89,2	40	113.535	2.777	3.637	0	119.950
Óvirkir	23.100	15,1	42	28.358	816	928	0	30.102
Ellilífeyrisþegar	2.081	162,4	74	43.961	0	3.531	0	47.492
Örorkulífeyrisþegar	514	59,9	52	3.108	4.144	52	0	7.304
Makalífeyrisþegar	178	161,6	71	0	0	3.038	0	3.038
Barnalífeyrisþegar	140	26,8	13	0	0	0	275	275
SAMTALS	40.840	50,7	42,9	188.962	7.737	11.187	275	208.162

(þúskr.)

Núvirði rekstrarkostnaðar

SAMTALS **212.596**

Bókfærð eign 195.045

Endurmat vegna skbr.

Núverandi eign **196.125**

Ókomin iðgjöld KARLAR 0

Ókomin iðgjöld KONUR 0

Samtals 0

Heildareign **196.125**

STADA **-7,7%** **-16.471**